

isins við sömu skip og sendiherra Dana við dönsku varðskipin. Einnig fannst í vörzlu loftskýtamannsins bréf dags. 19. marz 1933 um borð í Venus (sic) stílað til kærða, þar sem bréfitarinn tilkynnir kærða, að hann sendi honum lykla dómsmálaráðuneytisins og Dannebrog, sem er simnefni danska sendiherrans, og er bréf þetta undirritað Dan. Kærði hefir lýst því yfir, að hann hafi aldrei séð bréf þetta og telur sér yfirleitt ókunnugt um dulmálslykla skipsins að einum undanteknum, en loftskýtamaður sá, sem nú er á skipinu og kom þangað eigi fyrr en s. l. sumar, hefir heldur eigi upplýst um það, hvernig dulmálslyklar þessir séu tilkomnir. Er það mál eigi fullrannsakað, en eigi þótti vert að hefta kærða eða skip hans, unz rannsókn þeirri væri lokið.

Framangreint brot kærða varðar við 2. gr. sbr. 3. gr. 2. mgr. laga nr. 5 1920. Með hliðsjón af öllum atvikum og með tilliti til núverandi gullgildis krónunnar, þykir refsing hans hæfilega ákveðin 20300 króna sekt til landhelgisjóðs Íslands, og komi einfalt fangelsi í 7 mánuði í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Mánudaginn 23. nóvember 1936

Nr. 94/1936. Páll Magnússon f. h. vikublaðsins „Tíminn“ (Theódór B. Lindal)

gegn

Benedikt Jónssyni (Pétur Magnússon).

Krafa um greiðslu andvirðis vikublaðs.

Dómur gestaréttar Reykjavíkur 18. jan. 1936: Stefnður, Benedikt Jónsson, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Páls Magnússonar f. h. vikublaðsins „Tíminn“, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi gerir þær kröfur hér fyrir dómi, að hinum áfrýjaða dómi sé hrundið og stefndi dæmdur til þess að greiða honum 60 krónur með 6% ársvöxtum frá 1. júní 1935 til greiðsludags og málskostnað fyrir báðum réttum eftir mati dómsins.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að honum verði dæmdur málskostnaður fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Hér fyrir réttinum hefir áfrýjandi gert þá grein fyrir kröfu sinni, að stefnda séu taldir til skuldar 6 árgangar vikublaðsins „Tíminn“, þ. e. árin 1930—1935, að báðum meðtöldum, en verð hvers árgangs sé 10 krónur.

Í málinu er það óumdeilt, að stefnda hafi í upphafi verið sent nefnt vikublað, án þess að hann hafi um það beðið. Heldur áfrýjandi því fram, að eftir að byrjað var að senda stefnda blaðið, hafi honum verið sent það óslitið ofangreint tímabil, en stefndi kveðst í fyrstu hafa endursent blaðið, en þrátt fyrir það hafi sér verið sent það áfram, og hafi hann fengið það við og við, en ekki óslitið, þessi ár. Því er hinsvegar mótmælt af áfrýjanda, að stefndi hafi nokkru sinni endursent blaðið, og þar eð stefndi hefir ekki gert nánari grein fyrir þessari staðhæfingu sinni, og mótmæli hans gegn því, að hann hafi fengið blaðið fyrnefnt tímabil, eru ekki nægilega ákveðin, þá verður að gera ráð fyrir því, að hann hafi fengið þá 6 árganga blaðsins, sem hann er skuldaður fyrir í máli þessu.

Áfrýjandi hefir haldið því fram hér fyrir réttinum, að stefnda hafi árlega verið sendur reikningur fyrir blaðið, en því hefir stefndi ákveðið neitað. Hefir áfrýjandi ekki lagt fram nein gögn,

sem sanni eða bendi til þess, að stefnda hafi verið sendir slíkir reikningar né að krafa hafi verið gerð sérstaklega á hendur honum fyrir andvirði blaðsins fyrr en nú í sambandi við málssókn þessa. En þar eð stefndi hafði ekki, eins og fyrr segir, beðið um blaðið í upphafi, hefði áfrýjandi þurft að krefja stefnda sérstaklega um andvirði þess, með reikningi eða á annan hátt, í sambandi við gjalddaga blaðsins, ef hann vildi koma fram slíkum kröfum á hendur honum. Hinsvegar er það upplýst, að í tölublaði því af „Tímanum“, sem út kom 4. sept. 1934, er prentuð tilkynning, þar sem því er lýst yfir af hálfu útgefenda blaðsins, að þeir menn, sem veita blöðum athugasemdalaust viðtöku um langan tíma og endursenda þau ekki, hafi þar með gerzt kaupendur, þótt þeir hafi ekki beðið um að fá blaðið sent í fyrstu. Af þessu mátti stefndi sjá, að til þess væri ætlað af hálfu útgefenda blaðsins, að hann greiddi andvirði fyrir það, og þar eð hann veitti blaðinu viðtöku eftir að þessi tilkynning var komin fram, verður að telja honum skylt að greiða andvirði blaðsins árið 1935, kr. 10.00, sem féll í gjalddaga 1. júní 1935, en undirréttarstefna í máli þessu er gefin út 6. júní þ. á. Svo ber stefnda og að greiða vexti af þessari upphæð eins og krafizt er, enda er hvorki upphafstíma vaxtanna né hæð þeirra andmælt sérstaklega.

Eftir þessum málsúrslitum þykir rétt, að málskostnaður bæði í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Benedikt Jónsson, greiði áfrýjanda,
Páli Magnússyni f. h. vikublaðsins „Tíminn“,

kr. 10.00 með 6% ársvöxtum frá 1. júní 1935 til greiðsludags að viðlagðri aðför að lögum.

Málskostnaður bæði í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er eftir heimild í lögum nr. 59, 10. nóv. 1905 höfðað fyrir gestaréttinum með stefnu, útgefinni 6. júní s. l., af cand. jur. Páli Magnússyni, hér í bæ f. h. vikublaðsins „Tíminn“ gegn Benedikt Jónssyni Aðalbóli, Fremri-Torfustaðahreppi, Vestur-Húnavatnssýslu, til greiðslu skuldar fyrir 6 árganga nefnds vikublaðs, að upphæð kr. 60.00 með 6% ársvöxtum frá 1. maí 1935 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndur krefst *aðallega* sýknu og málskostnaðar, en til vara hefir hann mótmælt kröfunni sem fyrntri, að undan teknu andvirði fjögurra síðustu árganga.

Stefndur byggir sýknukröfu sína á því, að hann hafi aldrei gerzt kaupandi „Tímans“ og aldrei greitt hann. Blaðið hafi aðeins verið sent sér óumbeðið við og við og beri sér því engin skylda til að greiða það.

Stefnandi hefir játað, að stefndur hafi aldrei óskað eftir að gerast kaupandi „Tímans“, hinsvegar hafi hann notfært sér blaðið og aldrei endursent það. Hafi hann því verið talinn fastur kaupandi þess, enda ótvírætt skapað sér greiðsluskyldu með þessu framferði sínu.

Af því, er fram hefir komið í málinu, verður ekki annað séð, en að byrjað hafi verið að senda stefndum blaðið alveg tilefnislaust af hans hálfu. Ekki virðist honum þó hafa verið skrifað með því né honum á annan hátt tjáð, að hann yrði talinn kaupandi þess, ef hann ekki endursendi það eða beinlínis tilkynnti, að hann óskaði ekki eftir að verða talinn kaupandi.

Blaðið hefir síðan verið sent stefndum árum saman og hefir hann ekki gegn mótmælum stefnanda sannað, að hann hafi endursent það, né á annan hátt gefið sérstaklega til kynna, að hann óskaði eftir að hætt yrði að senda sér það.

Það er alkunna, að blað það, sem í máli þessu er kraf-

ízt greiðslu fyrir, berst fyrir ákveðinni stjórnmalastefnu, er málagn ákveðins stjórnmalaflokks.

Er því eðlilegast að telja slíka sendingu blaðsins, er hér liggur fyrir, aðeins einn lið í útbreiðslustarfsemi viðkomandi stjórnmalaflokks, og með sérstöku tilliti til þessa, svo og þess, að stefndur hefir aldrei verið krafinn um greiðslu fyrir blaðið, né honum sendur reikningur fyrir það, þá lítur rétturinn svo á, að stefndur hafi aldrei haft ástæðu til að ætla, að hann væri talinn kaupandi þess, enda þótt hann ekki endursendi það né tilkynnti, að hann myndi ekki greiða það.

Þá verður heldur ekki með tilliti til framansagðs talið, að í sambandi við þessa óumbeðnu sendingu blaðsins hafi gerzt nokkuð það atvik, er hafi verið til þess fallið að vekja hjá umbjóðanda stefnanda réttmætt traust um það, að stefndur vildi greiða blaðið.

Rétturinn telur því samkvæmt framansögðu, að engin greiðsluskylda hvíli á stefndum útaf þessum blaðsendingum og því beri að sýkna hann af dómkröfum stefnanda í máli þessu. Eftir málavöxtum þykir málskostnaður þó eiga að falla niður.

Miðvikudaginn 25. nóvember 1936.

Nr. 47/1935. **Eigendur e/s „Ölver“, þeir Bjarni Fannberg, Bjarni Eiríksson, Bárður Jónsson og Kristján Kristjánsson**
(Eggert Claessen)
gegn

Alþýðusambandi Íslands

(Stefán Jóh. Stefánsson).

Skaðabótakröfur í tilefni af verk- og afgreiðslubanni, sem verkamálaráð Alþýðusambandsins lagði á skip.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 9. ágúst 1934: Stefndur, Alþýðusamband Íslands, skal vera sýkn af kröfum stefn-